

Dans 1. bekkur

Kennarar: Sesselja G. Magnúsdóttir

1

Lýsing

Dans er innan námssviðs list- og verkgreina í aðalnámskrá. Þrátt fyrir mismunandi inntak, aðferðir og áherslur list- og verkgreina er einnig margt sem tengir þær saman. Hæfniviðmið fyrir dans skiptast í tvo flokka: Sköpun og túlkun og Samskipti og samvinna. Flokkarnir tengjast hvor öðrum sem og öðrum námsgreinum. Dansinn er kenndur á breiðum grunni í Melaskóla. Hann er kynntur sem listform, félagsleg athöfn, menningararfur og leið til líkamsmeðvitundar og líkamsfærni.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir dans 1. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: Námskynning).

Árgangsáætlun er til grundvallar **vikuáætlunum** kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 0,5 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í dansi taka mið af **hæfniviðmiðum** árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í dansi 1. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- líkaminn: Trölladansinn (Drekinn og tröllin)
- söng-, hring- og paradansar

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í dansi 1. bekkja taka mið af **leiðsagnarnámi**.

Melaskóli nýtir sér **jölbreytta kennsluhætti** innan allra árganga til að styrkja dans, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, kannanir og próf.

Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og vinnusemi, samvinnu og gagnrýna, skapandi hugsun. Þar sem því er komið við er farið á danssýningar.

Dansinn sem listform og leið til líkamsmeðvitundar og líkamsfærni.

Í 1. bekk er "líkaminn" eitt af grunnþemum kennslunnar í árganginum. Í dansinum fellur þemað að þátttöku í dansleikhúsverkinu **Trölladansinn** sem unnið er með á vorönninni. Með söguna um drekann og tröllin, eftir Sesselja G. Magnúsdóttir, sem kveikju í skapandi vinnu og spuna, læra nemendur um líkamann og kanna hreyfinguleika hans og mátt til túlkunar og tjáningar í danssköpun.

Dansinn sem menningararfur og félagsleg athöfn.

Nemendur læra einfalda söng-, hring- og paradansa með fjórtakta grunnspori. Áherslan er lögð á hringformið en einnig lagðar línurnar í að dansa í þörum. Í þessum hluta kennslunnar er áherslan á takt, samskiptareglur, samvinnu og tilfinningu fyrir formum, rýminu og heildinni.

Sköpunargleði er eitt af gildum Melaskóla. Allir nemendur búa yfir sköpunarhæfileikum sem nauðsynlegt er að efla og þroska með þeim, m.a. í dansi. Dansinn veitir nemendum einnig tækifæri til að efla félagsþroska sinn og félagslega færni.

Áherslur Melaskóla í list- og verkgreinum við lok 4. bekkjar eru að nemandinn geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt

- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- gengið frá eftir vinnu sína
- unnið einföld verkefni í hópi
- lagt mat á eigin verk

Áherslur Melaskóla í dansi eru að nemendur:

- afli sér upplýsinga, þekkingar um viðfangsefnið og vinni úr hugmyndum sínum
- sýni afrakstur hugmyndavinnu sinnar í framkvæmd (sbr. verkleg vinna)
- ræði saman, meti og ígrundi vinnu sína og vinnubrögð (sbr. lokaafurð)
- setji vinnu sína í sögulegt og menningarlegt samhengi

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í dansi 1. bekk byggir á fjölbreyttu *hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - prófum-könnunum-skimunum (munnleg próf, stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Matsviðmið í dansi taka mið af listgreinum í heild. Fjölmörg *matsverkefni* í dansi eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í dansi 1. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyminum að þessum markmiðum.

2025_Dans fyrir 1.- 4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Dans fyrir 1.- 4. bekk - Sköpun og túlkun

- Hreyft sig frjálst í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Dansað einföld hreyfimyndir og spor í völdum dönsum, einn eða sem hluti af pari eða hópi.
- Skaðað eigin dans undir leiðsögn og tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi.

2025_Dans fyrir 1.- 4. bekk - Samskipti og samvinna

- Boðið upp í dans og dansað í haldi.
- Virt samskiptavenjur í dansi.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi og farið eftir fyrirmælum.

NÁMSEFNI/GÖGN



Skapandi dans - Handbók fyrir kennara

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skapandi_dans/)



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara